

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Grímsnes- og Grafningshreppi.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlun:

Deiliskipulagsbreyting, Vesturbyggð á Borg, fyrsti áfangi, lóðarmörk og byggingarreitur, Skógartún 5, 8, 10.

Um er að ræða óverulega breytingu á deiliskipulagi sem tekur til Skógartúns 5, 8 og 10. Í breytingunni felst að Skógartún 8 stækkar um 170 fm og Skógartún 10 minnkar um 209 fm. Suðvesturmörk byggingarreits Skógartúns 5 færir til þannig að þau eru nú í 3 m fjarlægð frá lóðarmörkum í stað 4 m.

Samþykkt í sveitarstjórn dags. 27. júní 2025.

Ofangreind deiliskipulagsáætlun hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Laugarvatni, 18. júlí 2025.

Skipulagsfulltrúi Umhverfis- og tæknisviðs uppsveita bs.,
Vigfús Þór Hróbjartsson.

B deild - Útgáfudagur: 1. ágúst 2025